



44. fundur

44. fundur Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja haldinn fimmtudaginn 21. mars 2024, kl. 16:00. Fundurinn er haldinn í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Eysteinn Eyjólfsson, Gunnar K. Ottósson, Einar Jón Pálsson, Andri Rúnar Sigurðarson, Jón B Einarsson, Lilja Sigmarsdóttir, Magnús Stefánsson, Björn Ingi Edvardsson, Kjartan Már Kjartansson, Gunnar A. Axelsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gestir fundarins eru Stefán G. Thors frá VSÓ og Anna Sóley Þorsteindóttir frá Kanon.

Forföll boðuðu þeir: Guðmundur Björnsson og Jón B. Guðnason.

Eysteinn Eyjólfsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Tímaáætlun svæðisskipulagsvinnu.

Svæðisskipulagsnefndin uppfærði tímaáætlunina. Apríl fundur verður þann 11. apríl en maí fundurinn verður færður til þriðjudagsins 14. maí.

2. Endurskoðun Svæðisskipulags Suðurnesja.

- Atvinna og lýðfræði.

Gert er ráð fyrir því að það þurfi að byggja um 6000 íbúðir eða 350 íbúðir á ári til ársins 2040. Lagt til að unnin verði stefna sem tekur mið af atvinnuuppbyggingu og íbúðapróun, með hliðsjón af húsnæðisáætlunum sveitarfélaganna og að eiga sameiginlegt og reglulegt yfirlit um stöðu á íbúðamarkaði.

Nefndin ræddi atvinnusvæðin á Reykjaneskaganum, útvistarsvæði, náttúruvá og mótvægisáðgerðir við vá.

Innviðir, samfélag og náttúruvá verða rædd á næsta fundi.

3. Varavatsnból á Reykjaneskaganum – skýrsla HS orku.

Lögð fram.

a) Tilnefning á fulltrúum í vinnuhópinn v. vatnsbóla.

Björn Ingi Edvardsson er fulltrúi Isavia í vinnuhópnum en Sveinn Valdimarsson er fulltrúi LHG.

4. Beiðni um umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi á Vatnsnes Reykjanesbæ, mál nr. 0175/2024 í skipulagsgátt. <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/175>
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemd við breytingar á aðalskipulagi á Vatnsnes.



SVÆÐISSKIPULAG
SUÐURNESJA
2008 - 2024

5. Beiðni um umsögn um heildarendurskoðun deiliskipulags í Svartsengi –
Auðlindargarður í Grindavík, mál nr. 0747/2023 í skipulagsgátt
<https://skipulagsgatt.is/issues/2023/747>
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemd við breytingar á deiliskipulag
við Svartsengi.
6. Önnur mál.

Ekki fleiri mál færð til bókar og fundi slitið kl. 17:15.